

2023

SKÝRSLA STJÓRNAR



Starfsmannafélag Kópavogs





EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	3
Starfsemi Starfsmannafélags Kópavogs	5
Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs	6
Skrifstofa Starfsmannafélags Kópavogs	7
BSRB	8
Fræðslusjóður Starfsmannafélags Kópavogs	10
Hlutverk og ábyrgð trúnaðarmanna	12
Fræðslusetur Starfsmennt	14
VIRK endurhæfingasjóður	15
Sveitarfélag ársins	16
Kjaraviðræður	17
Samstaða og samstöðufundir	20
Kvennafrídagurinn	21
65. ára afmæli Starfsmannafélags Kópavogs	22

ÁVARP FORMANNS



Árið hófst með kraftmikilli baráttu, samstaða og baráttuandi einkenndi starfsár Starfsmannafélags Kópavogs sem var viðburðaríkt. Mun viðburðaríkara en við áttum von á.

Kjarasamningsviðræður okkar við Samband íslenskra sveitarfélaga endaði hins vegar í hörðum hnút þegar ljóst varð að sveitarfélögin neituðu að leiðrétta augljóst launamisrétti okkar félagsfólks gagnvart fólki í sömu eða sambærilegum störfum. Aldrei kom það upp í huga okkar að jafn sjálfsagður hlutur eins og að krefjast „sömu laun fyrir sömu störf“ væri á baráttulista stéttarfélaganna árið 2023 á Íslandi. Við vorum ekki ein um að fannst það fjarstæðukennt að það þyrfti að grípa til verkfalla til að knýja fram svo sjálfsagða réttlætiskröfu en það varð niðurstaðan.

Verkfallsaðgerðirnar náðu alls til um 2500 félagsfólks í 30 sveitarfélögum og áhrifanna gætti víða. Það sem stendur upp úr á þessu ári er hugrekkið, baráttuþrekið og samstaða okkar fólks sem vakti athygli á baráttunni með margvíslegum hætti, svo sem með því að mótmæla fyrir utan bæjarskrifstofur, halda ræður, skrifa greinar, halda og mæta á samstöðufundi, vekja athygli á sameiginlegri auglýsingaherferð og fleira. Samfélagið allt stóð líka sterkt með verkfallsfólki enda vita þau sem er, að þau eru ómissandi! Stuðningurinn birtist meðal annars í því að foreldrar leikskólabarna skipulögðu kröftug mótmæli hér í Kópavogi, skrifuðu greinar og vöktu athygli á málinu á samfélagsmiðlum. Það er ekki efi í mínu huga að barátta okkar fólks varð til þess á kjarasamningar náðust með tilheyrandi launahækkunum og kjarabótum.

Þessi barátta segir okkur enn og aftur að ekkert kemur af sjálfum sér og þó eitthvað hafi áunnist í gegnum árin þá þarf stöðugt að gæta þeirra réttinda lík og að sækja fram í allri kjarabaráttu. Barátta stéttarfélaganna hefur í senn verið sóknarbarátta eins og varnarbarátta, enda sækja launagreiðendur úr öllum áttum.

Við stöndum nú frammi fyrir næstu kjarasamningslotu en síðustu samningar voru til eins árs. Það er eðlileg krafa að vinnuframlag okkar er metið til launa, að fólk geti lifað af á launum sínum og nú verður allt kapp lagt í að ganga frá kjarasamning, enda er það óviðunandi að ekki sé búið að skrifa undir nýjan samning.

Saman erum við sterk og það höfum við heldur betur sannað og hefur félagsfólk í Starfsmannafélagi Kópavogs sýnt og sannað hvers megnuð þau eru. Ég er einstaklega stolt og hræð yfir þeirri samstöðu sem hefur myndast innan félagsins og hlakka til að takast á við ný verkefni.



Okkar allar besta fólk mætti dag eftir dag á samstöðufundi. Deildi sögum, barist fyrir réttindum, fór í viðtöl, mættu á samstöðufundi, mætti til að sýna foreldrum barna í leikskóla í Kópavogi stuðning og svo margt fleira. Baráttuandinn var svo sannarlega til staðar í okkar fólki

Starfsemi Starfsmannafélags Kópavogs

Starfsmannafélag Kópavogs var stofnað 28.
desember 1958

Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs árin 2023-2024:

Marta Ólöf Jónsdóttir, formaður

Jóhannes Ævar Hilmarsson, varaformaður

Elísabet Stefánsdóttir, ritari

Málfríður A. Gunnlaugsdóttir, gjaldkeri

Gunnar Heimir Ragnarsson, meðstjórnandi

Varmenn:

Herdís Þóra Snorradóttir

Steina Sigurðardóttir

Stjórn Vísindasjóðs

Marta Ólöf Jónsdóttir

Jón Júlíusson

Ingólfur Arnarsson

Málfríður Anna Gunnlaugsdóttir

Stjórn orlofsnefndar árið 2023 – 2024:

Sigurður Þ. Kjartansson, formaður

Sunna S. Söbeck, ritar

Gylfi Sigurðsson

Kamilla E. Elísabetardóttir

Sólrún Bára Garðarsdóttir

Varmenn:

Guðmunda Ingimundardóttir

Óttar Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga

Atli Sturluson

Bára Eyland

Varamenn:

Guðrún Hauksdóttir

Ómar Stefánsson



**Stjórn
Starfsmannafélags
Kópavogs er skipuð
fólki með fjölbreytta
reynslu**

STJÓRN STARFSMANNA- FÉLAGS KÓPAVOGS

Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs hélt 12 fundi á árinu 2023.

Fundir stjórnar eru alla jafna staðfundir og haldnir í Bæjarlind 14 í Kópavogi. En auk þess þá hefur stjórn verið virk í að nota rafrænar þátttökuleiðir þegar svo ber undir og halda Teamsfundi. Skipulagðir fundir stjórnar eru yfirleitt einu sinni í mánuði en geta verið oftari ef þurfa þykir.

Eins og gera má ráð fyrir þá koma fjöldamörg mál til afgreiðslu stjórnar ár árinu, en fyrri hluti árs litaðist mjög af gerð kjarasamninga. Verkföll er mikil áskorun fyrir stéttarfélög og þau fjölda mörgu hliðar þess.

Á milli aðalfunda fer stjórn SfK með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórnin stýrir starfsemi í samræmi við lög félagsins og stefnumörkun aðalfundar. Stjórnina skipa alls sjö aðalfulltrúar, fimm aðalmenn og tveir til vara.

SKRIFSTOFA STARFSMANNAFÉLAGS KÓPAVOGS

Starfsfólk Starfsmannafélags Kópavogs tekst á við mörg verkefni og markmið með starfinu er alltaf að veita félagsfólki okkar þjónustu. Starfsfólk fylgir eftir málefnum félagsins sem mótuð er af kjörnum fulltrúum þess. Starfsfólk gætir hagsmuna félagsfólks og er ávallt tilbúið að veita aðstoð er varðar þau málefni sem koma inn á borð félagsins. Málefni eru mörg og af margvíslegum toga. Félagsfólk okkar vinnur við ólík störf á margvíslegum starfsstöðvum á vegna Kópavogsbæjar.

Starfsfólk SfK undirbýr mál og skipuleggur aðalfund félagsins, stjórnarfund, fundi trúnaðarmannaráðs, fundi orlofsnefndar og aðra fundi sem haldnir eru hvort sem það eru viðburðir eða annað. Starfsfólk veitir félagsfólki þess fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf, t.d. varðandi kjaramál, réttindi, orlofsmál, réttindi í sjóði, fræðslu, menntamál og fleira.

Orlofsmálin er stór þáttur í starfsemi félagsins og stöðugt er verið að bæta kerfin, sinna viðhaldi og öðrum búnaði, vera í samskiptum við umsjónarmenn, kaupa fasteignir og svo mætti lengi telja. En félagið á sjö fasteignir.

Starfsfólk og stjórn SfK leitast við í hvívetna að skoða alla verkferla, hvernig og með hvaða hætti sé best að mæta þörfum okkar félagsfólks enda eru þau á öllum aldri. Stefnumótunarvinna hefst með haustinu, en þar verður leitast við að skipuleggja starfsemi félagsins og skoða hvaða tækifæri er hægt að nýta til að mæta kröfum samfélagsins með upplýsingagjöf og bættri þjónustu og fleira í huga.

Frá aðalfundi 2023 hafa orðið nokkrar breytingar á starfsmannamálum. Helga Hafsteinsdóttir hefur verið ráðin sem þjónustustjóri en Jón Marínó lét af störfum síðla árs 2023. Ólöf Hildur Gísladóttir, framkvæmdastjóri og lögfræðingur hefur lokið störfum hjá félaginu á árin 2024.

Skrifstofa Starfsmannafélags Kópavogs er til húsa í Bæjarlind 14, 201 Kópavogi.

BSRB



Mynd: Hari

BSRB eru stærstu heildarsamtök starfsfólks í almannapjónustu á Íslandi. Bandalagið var stofnað þann 14. febrúar 1942 af fjórtán stéttarfélögum með samtals um 1.550 félagsmenn.

BSRB hefur vaxið mikið síðan og í dag eru aðildarfélögin 19 talsins með um það bil 25.000 félagsmenn. Um tveir þriðju félagsmanna aðildarfélaga **BSRB** eru konur.

Bandalagið leiðir hagsmuna- og réttindabaráttu launafólks sem starfar í almannapjónustu hjá ríki, sveitarfélögum, óhagnaðardrífnum stofnunum og almennum vinnumarkaði. Bandalagið talar máli félagsmanna aðildarfélaga gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og vinnur að markmiðum sínum um að stuðla að bættu velferðarsamfélagi og auknum jöfnuði í samfélaginu.

Hlutverk **BSRB** er einnig að efla aðildarfélög bandalagsins og styðja þau í því að veita félagsmönnum góða þjónustu. Hluti af því er stuðningur við gerð kjarasamninga, aðstoð við úrlausnir á lögfræðilegum álitaefnum, ýmsar greiningar og rannsóknir á sviði hagfræði og stjórnsýslu og vinna tengd fræðslu- og upplýsingamálum.

Aðildarfélög **BSRB** geta falið bandalaginu að fara með samningsrétt fyrir sína hönd í kjarasamningum í þeim málum þar sem þau eiga sameiginlega hagsmuni en kjarasamningsmál og gerð kjarasamninga er á hendi hvers aðildarfélags.

Þing **BSRB**, sem haldin eru þriðja hvert ár, fara með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Þar móta þingfulltrúar stefnu bandalagsins og kjósa í helstu embætti. Síðasta þing bandalagsins, það 46. í röðinni, bar þess merki að það var haldið í miðjum heimsfaraldri.

Þingið var síðast haldið með rafrænum hætti september 2021 en hluta þess var frestað til 24. mars 2022 þegar hafði slaknað á faraldrinum og talið óhætt að stefna saman þingfulltrúum. Á rafrænum fundi bandalagsins kusu þingfulltrúar formann, tvo varaformenn og stjórnarmenn sem stýra starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir. Allt málefnnastarf fór síðan fram 24. - 25. mars 2022 þar sem ný stefna **BSRB** var samþykkt.

Næsta þing **BSRB** verður haldið 2. - 4. október 2024 á Hilton Reykjavík Nordica

NEFNDARSTÖRF INNAN BSRB

Starfsmannafélag Kópavogs á fulltrúa í öllum nefndum innan BSRB.

1 Nefnd um afkomaöryggi

Steina Sigurðardóttir

2 Jafnréttisnefnd

Elísabet Stefánsdóttir

3 Nefnd um almannajónustu

Gunnar Heimir Ragnarsson

4 Heilbrigðisnefnd

Jóhannes Ævar Hilmarsson

5 Framtíðarnefnd

Málfríður Anna Gunnlaugsdóttir

6 Réttindanefnd

Marta Ólöf Jónsdóttir

7 Nefnd um lífeyrismál

Marta Ólöf Jónsdóttir

Hlutverk nefndastarfs innan BSRB er að taka til umfjöllunar álitamál sem varðar vinnumarkaðinn, jafnrétti í allri sinni mynd, málefni almannajónustu, heilbrigðismála, húsnæðismála og skattamála, lífeyrismála og réttindamála okkar félagsfólks.

Það er ljóst að ekkert kemur af sjálfum sér og ávallt þarf að standa vörðu um þau réttindi sem þegar hafa áunnist. Samfélagið sér stéttarfélögum um heim allan fyrir verkefnum sem verður að hafa stöðuga eftirfylgni á eins og t.d. málefnum aldraðra, barna, hinsegin mála, innflytjenda, fólks með skerta starfsgetu og svo eitthvað sé nefnt.



FORMANNARÁÐ BSRB



Formannaráð BSRB er skipað formönnum aðildarféлага bandalagsins hverju sinni. Ráðið mótar stefnu og megináherslur BSRB í málum sem koma upp milli þinga bandalagsins og fylgir eftir framkvæmd samþykktu þingsins og annarra mála sem þingið vísar til ráðsins. Fundir ráðsins, sem haldnir eru að minnsta kosti þrisvar á ári, er einnig vettvangur samráðs aðildarféлага bandalagsins. Formaður BSRB er jafnframt formaður ráðsins.

Arna Jakóbína Björnsdóttir – Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu
Arnar Hjálmsósson – Félag íslenskra flugumferðarstjóra
Árný Erla Bjarnadóttir – FOSS – stéttarfélag í almannajónustu
Edda Davíðsdóttir – Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
Fjölur Sæmundsson – Landssamband lögreglumanna
Guðbjörn Guðbjörnsson – Tollvarðafélags Íslands
Guðbrandur Jónsson – Félag starfsmanna stjórnarráðsins
Hafsteinn Ólason – Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Hermína Hreiðarsdóttir – Starfsmannafélag Húsavíkur
Jóhanna Fríður Bjarnadóttir – Póstmannafélag Íslands
Karl Rúnar Þórsson – Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
Gunnar Hrafn Gunnarsson – Starfsmannafélag Garðabæjar
Bjarni Ingimarsson – Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Marta Ólöf Jónsdóttir – Starfsmannafélag Kópavogs
Trausti Björgvinsson – Starfsmannafélag Suðurnesja
Sandra Bryndísardóttir Franks – Sjúkraliðafélag Íslands
Sonja Ýr Þorbergsdóttir – Formaður BSRB
Unnar Örn Ólafsson – Félag flugmálastarfsmanna ríkisins
Unnur Sigmarsdóttir – Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar
Þórarinn Eyfjörð – Sameyki stéttarfélag í almannajónustu

FRÆÐSLUSTYRKIR ÚT STARFSMENNTASJÓÐI

Á árinu 2023 voru greiddar 390 umsóknir úr starfsmenntasjóð til félagsfólks, en þeir voru 349 árinu 2022. Umsóknum fjölgaði því um 41.

Það voru veittir 6 styrkir til félagsfólks vegna íslenskunáms sem hafa annað móðurmál en íslensku, en þeir voru 10 á árinu 2022.


Það voru veittir 132 styrkir vegna ráðstefnu innanland og eða erlendis en þeir voru 106 á árinu 2022. Það er aukning um 26 styrki, ekki er um eiginlega aukningu að ræða vegna þessa heldur starfar aukningin vegna þess að áhrif Covid gætti enn í samfélaginu 2022.

Veittur var 31 styrkur vegna tómstunda og er það sambærilegt og frá árinu 2022.


Nám á framhaldsskóla stigi voru 67 en voru á árinu 2022 45, því er um að ræða aukningu um 22 styrki.

Flestir styrkir eru vegna háskólanáms eða 154 og er það sambærilegt og frá árinu 2022.

Úthlutanir úr sjóðnum námu því 19.483.697 krónum.




2023



■ Háskólagjöld ■ Framhaldsskóli ■ Tómtundastyrkur ■ Ráðstefna ■ Íslenska




2022



■ Háskólagjöld ■ Framhaldsskóli ■ Tómtundastyrkur ■ Ráðstefna ■ Íslenska

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ TRÚNAÐARMANNA



**Fundir
trúnaðarmannaráðs
voru sjö ár árinu**

Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í að gæta hagsmuna félagsfólks Starfsmannafélags Kópavogs á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsfólks um kjara- og réttindamál og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu.

**TRÚNAÐARMENN ERU HELSTA TENGINGIN
VIÐ VINNUSTAÐINA STÖRF ÞEIRRA ERU ÞVÍ
AFAR MIKILVÆGT GRASRÓTARSTARF**



FRÆÐSLUSETRIÐ

STARFSMENNT



Árið 2023 voru viðburðir og fræðslutilboð á vegum Starfsmenntar alls 365 sem er lítilsháttar fækkun frá fyrra ári þegar þau voru 381. Skráningar á námskeið voru tæplega 3.700 en árið á undan voru þær rétt tæplega 4.000. Starfsmennt veitti 14 stofnunum fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk á árinu 2023 sem er fjölgun frá fyrra ári þegar 11 stofnanir fengu slíka þjónustu. Áfram var lögð áhersla á að bjóða breitt úrval fræðslu og í samstarfi við ýmsa aðila. Námskrá Launaskólans var lögð niður sem heildstæð námsleið enda hefur vettvangur fræðslumála þróast þannig að fólk sækir helst í stutt námskeið. Þar af leiðandi verður efni Launaskólans áfram í boði en núna sem stök námskeið. Hrint var úr vör verkefni sem felur í sér að greina hæfnikröfur fjögurra starfa. Þ.e. starfs skólaritara, skólaliða, stuðningsfulltrúa í skólum og umsjónarmanns fasteigna. Vinnan fer fram í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hafa

eftirtaldir sjóðir samþykkt að veita styrk til verkefnisins: Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis, Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga, Fræðslusjóður Sameykis, Mannauðssjóður KJALAR og Sveitamennt. Áætlað er að ljúka verkefninu í árslok 2024. Starfsmennt býður einstaklingum samtal við náms- og starfsráðgjafa, m.a. til að fá upplýsingar um margvíslegar leiðir til hæfnieflingar og starfsþróunar.

365

VIÐBURÐIR ÁRINU 2023

Á árinu 2023 fjölgaði mjög þessum samtölum og voru þau í heildina 70 á móti einungis 9 samtölum árið 2022. Stofnanir geta nýtt sér þjónustu Starfsmenntar á margvíslegan máta, m.a. með því að fá ráðgjafa að láni til að aðstoða við að greina fræðslu- og hæfniþarfir en einnig við að sinna umsýslu með námi og fræðslu fyrir starfsfólkið. Árið 2023 lauk Starfsmennt greiningu

á fræðsluþörfum starfsfólks í dagvinnu hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og í lok árs var unnin sambærileg greining fyrir Hljóðbókasafn Íslands. Niðurstöður greiningarvinnu nýtast m.a. til að setja upp fræðslu fyrir stofnunina í heild sinni eða afmarkaða hópa innan hennar en niðurstöðurnar geta einnig nýst til að endurskoða verkferla eða verklag innan stofnunarinnar. Starfsmennt sinnti umsýslu með námi og fræðslu fyrir 14 stofnanir og voru í heildina haldin 136 námskeið með 1.800 þátttakendum. Mikilvægt skref var stigið í samvinnu um símenntun opinberra starfsmanna í september þegar undirritaður var samstarfssamningur við Starfsþróunarsetur háskólamanna um aðgang félagsfólks að námi á vettvangi Starfsmenntar. Samið var um að Starfsþróunarsetrið greiði fyrir þátttöku félagsfólks þeirra 17 aðildarfélaga setursins, sem starfar hjá ríki, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum.

VIRK ENDUR- HÆFINGARSJÓÐUR



VIRK

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarféлага og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Þrír ráðgjafar á vegum VIRK starfa í BSRB - húsinu, þær Karen Björnsdóttir, Elín M. Erlingsdóttir og Elísabeth Inga Ingimarsdóttir. Starf þeirra felst í að aðstoða félagsmenn við að endurheimta og efla starfsgetu og starfshæfni eftir veikindi eða slys. Lögð er áhersla á að halda vinnusambandi þegar það er til staðar og aðstoða við að finna leiðir til atvinnuþátttöku á nýjan leik. Í byrjun árs 2024 voru 2.493 þjónustuvegar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Þá höfðu 22.374 einstaklingar nýtt sér þjónustu VIRK frá því

að fyrsti einstaklingur kom í starfsendurhæfingu hjá VIRK árið 2009. Sumir þjónustuvegar hafa komið oftar en einu sinni.



79% ÞEIRRA 17.000
EINSTAKLINGA SEM
LOKIÐ HÖFÐU ÞJÓNUSTU
HJÁ VIRK Í ÁRSBYRJUN
2024 VORU VIRKIR Á
VINNUMARKAÐI VIÐ
ÚTSKRIFT

Í ársbyrjun 2024 höfðu verið skráðir tæplega 26.105 starfsendurhæfingarferlar í upplýsingakerfi VIRK frá

upphafi. 79% þeirra 17.000 einstaklinga sem lokið höfðu þjónustu hjá VIRK í ársbyrjun 2024 voru virkir á vinnumarkaði við útskrift, þ.e. í launaðri vinnu, virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Alls hafa 2.162 einstaklingar leitað til ráðgjafanna í BSRB - húsinu og 1.429 þeirra útskrifast eða lokið þjónustu. Þjónustukannanir VIRK sýna að þjónustuvegar eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu. Einstaklingum sem glíma við heilsubrest sem hindrar þá frá vinnu er bent á að ráðfæra sig við lækni varðandi starfsendurhæfingu. Ef læknir metur að þörf sé á starfsendurhæfingu sendir hann tilvísun til VIRK. Félagsmenn sem leita til sjúkrasjóðs Sameykis fá jafnan upplýsingar um þjónustu VIRK. Ráðgjafarnir eru staðsettir á 3. hæð í BSRB - húsinu.

SVEITARFÉLAG ÁRSINS

Starfsmannafélag Kópavogs stendur fyrir vali á sveitarfélagi ársins ásamt níu öðrum bæjarstarfsmannafélögum BSRB en valið byggir á niðurstöðu könnunar sem send er til starfsfólks sveitarfélaganna. Þau sveitarfélög sem fengu besta niðurstöðu voru heiðruð í athöfn í október síðastliðnum en þetta var í annað sinn sem sveitarfélag ársins er valið. Árið 2023 uppfylltu 21 sveitarfélag skilyrði þess að komast á lista til útnefningar og fengu fjögur þeirra nafnbótina „Sveitarfélag ársins 2023“. Þetta eru sveitarfélögin Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Sveitarfélagið Vogar og Sveitarfélagið Skagatrönd. Þess má geta að Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð hlutu einnig sömu nafnbót árið 2022. Starfsfólk SfK annast þetta verkefni í samstarfi við Gallup sem sér um framkvæmd könnunarinnar fyrir bæjarstarfsmannafélögin tíu og sendir út rafrænan spurningalista til félagsfólks þeirra sem eru í 30% starfi eða meira og hafa verið félagsmenn í a.m.k. þrjá mánuði. Einnig gefst sveitarfélögum tækifæri til að gera sérstakan samning við Gallup og fá könnunina lagða fyrir allt starfsfólk þeirra óháð félagsaðild. Þannig geta í

reynd öll sveitarfélög landsins tekið þátt. Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi og stjórnun. Mælingin nær yfir fjölbreytta þætti en þannig fæst heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi sveitarfélaganna. Þáttagreining (factor analysis) er notuð til að greina þá undirliggjandi þætti sem eru mældir. Heildareinkunnin er vegið meðaltal úr þáttunum sem greindir eru og er hún grunnur útnefningar á Sveitarfélagi ársins. Undirbúningur fyrir könnunina Sveitarfélag ársins 2024 er hafinn og verður könnunin send til þátttakenda í apríl.



Árið 2023 uppfylltu 21 sveitarfélag skilyrði þess að komast á lista til útnefningar og fengu fjögur þeirra nafnbótina „Sveitarfélag ársins 2023“.

KJARAVIÐRÆÐUR 2023

Það fór mikið fyrir kjaraviðræðum árið 2023. Árið byrjaði með látum ef svo má að orði komast þegar félagsfólk okkar byrjaði að hafa samband við Starfsmannafélag Kópavogs. En félagsfólk okkar skildi ekki hvers vegna samstarfsfélagar þeirra, sem starfa við hlið þeirra, hefðu fengið launahækkun í janúar en ekki þau. Um er að ræða fólk sem sinnir ómissandi störfum m.a. í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, í þjónustu við fatlað fólk, sundlaugum, íþróttamannvirkjum og bæjarskrifstofum og er að stærstum hluta til konur. Á ársgrundvelli nemur þessi launamismunur fólks í sömu og sambærilegum störfum 25%.

Stjórnendur vinnustaða og launafulltrúar fjölda sveitarfélaga virtust jafn gáttaðir og fólkið sem sætir launamisréttinu. Enda um að ræða fólk sem veit að sveitarfélög landsins hafa gripið til ýmissa aðgerða til að tryggja sömu laun fyrir sömu störf og jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf, m.a. með innleiðingu starfsmats sveitarfélaga

og jafnlaunavottun. Þessi verkfæri eiga að tryggja að sveitarfélög sem atvinnurekendur grípi til aðgerða til að leiðrétta laun ef upp kemur launamisrétti á vinnustað. Þrátt fyrir að ítrekað hafi verið bent á þessa launamismunun síðustu mánuði og leiðir til að leiðrétta hana við sveitarfélögin og Samband íslenskra sveitarfélaga, sem veitir sveitarfélögunum ráðgjöf í málefnum tengt réttindum starfsfólks, hefur ekkert verið að gert.

Það var ljóst að okkar félagsfólks myndu ekki unað við þetta misrétti og í lok apríl mánaðar voru samþykkt verkföll og varð niðurstaðan afgerandi eða 91% félagsfólks samþykkt. Það voru 11 stéttarfélög innan BSRB sem verkfallið náði til og 30 sveitarfélaga.

Það verður að teljast einstak að á árinu 2023 á Íslandi þurfi að berjast fyrir þeirri einföldu staðreyna að greiða sömu laun fyrir sömu störf.







Verkföll í Starfsmannafélagi Kópavogs náðu til fólks sem vinnur á leikskólum, grunnskólum, sundlaugum, innheimtufulltrúa og þjónustuver Kópavogsbæjar.

15. maí Dagurinn markar ákveðið upphaf á þeirri baráttu sem félagsfólk okkar taldi vera nauðsynlega, að mismuna fólk í launum sem vinnur sömu eða sambærileg störf er óviðunandi. Félagsfólk okkar sem vinnur í leik- og grunnskólum lagði niður störf þennan dag og húsfylli var í Bæjarlind 14.

Félagsfólk okkar virðist hafa verið löngu tilbúið í verkföll, fólk ætlar ekki að láta þetta misrétti yfir sig ganga ofan á allt og er tilbúið til að leggja niður störf til að knýja fram réttláta niðurstöðu. Mikilvægt fólk í mikilvægum störfum sem hefur staðið vaktin í langan tíma, undir álagi og ekki má gleyma framlagi þeirra í Covid, þar sem t.d. máttu leikskólar ekki loka og starfsfólk sem vinnur með börnum getur ekki haldið ákveðnum fjarlægðarmörkum og setur sjálfan sig í ákveðna hætti með því. Við skulum ekki gleyma því að samfélagið allt viss ekki hverjar afleiðinga af veirunni yrðu og því gríðarlega mikil óvissa í alla staði. Þetta fólk stóð vaktina og því er það sár að jafn stórt bæjarfélag eins og Kópavogur hafi ekki gripið inn í þessar aðstæður fyrr en raunin varð.

Starfsmannafélag Kópavogs boðaði allt sitt fólk á samstöðufundi alla daga sem verkfallið náði til. Þar var samtalið tekið og okkar allra besta fólk fór í gul vesti bæði til að vera áberandi og vekja athygli á baráttunni og einnig fóru þau í verkfallsvörslu á vinnustaði.

Aðgerðir eins og að borða til verkfalla er ekki tekin af léttuð og undirtónninn í jafn hörðum aðgerðum eins og að leggja niður störf er alvarlegur. Verkföllin áttu eftir að standa yfir í 4 vikur.



Það var húsfylli að fólki alla daga og þau ætluðu ekki að láta sitt eftir liggja og komu í viðtöl hvort sem það var í útvarpi eða sjónvarpi.



SAMSTAÐA OG SAMSTÖÐUFUNDUR

Samstaðan var einstök í Starfsmannafélagi Kópavogs og mætti félagsfólk okkar á hverjum degi á samstöðufund og var á milli 100 til 150 manns á hverjum fundi.

En verkföll hafa viðtæk áhrif og foreldrar barna í leikskólum í Kópavogi boðuð til samstöðufundar við bæjarskrifstofur Kópavogsbæ. Þar mættu töluverður fjöldi foreldra barna í leikskólum og lögð sitt af mökum til að varpa ljósi á stöðuna sem var grafalvarleg.



Skrifað var undir kjarasamning 10. júní
2023

ÓSKUM EFTIR STARFSKRAFTI

Fríðindi í starfi:

Lægri laun og
skýr mismunur

KÓPAVOGSBÆR

Þá var haldinn stór samstöðu í Bæjarbío þar sem félagar okkar innan BSRB mættu saman. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, lagði áherslu á kröfur BSRB í lokaræðu fundarins og sagði það ótrúlegt vera í þeirri stöðu að standa í verkföllum árið 2023 til þess að knýja fram sömu laun fyrir sömu störf. „Sú ákvörðun sveitarfélaga að fara í störukeppni við sitt eigið starfsfólk vegna sanngjarnra krafna þeirra, sýnir óbilgirni og þrjósku. Þar er ekki tekið tillit til þess að verkföll fela í sér miklu hærri fórnarkostnað fyrir samfélagið allt vegna skerðingar á grunnþjónustu,“ sagði Sonja.



KVENNAFRÍDAGURINN

24. OKTÓBER 2023

Konur og kvár lögðu niður störf í hundruð þúsunda tali 24. október - lögreglan telur að allt að 100.000 hafi safnast saman á Arnarhóli á baráttufundi en viðburðir voru haldnir á 19 stöðum víðsvegar um landið. Yfirskrift Kvennaverkfalls 2023 var *Kallarðu þetta jafnrétti?*



Kvennaverkfallið hafði mikil áhrif en skólar og leikskólar voru víðast hvar lokaðir, heilbrigðisþjónusta í lágmarki, bankaútibú lokuðu sem og ýmsar verslanir og þjónusta var skert hjá fjöldamörgum fyrirtækjum. Kvennaverkfallinu hefur m.a. verið lýst sem heimssögulegum viðburði í fjölmiðlum.

Rafmögnuð stemning var á Arnarhóli á baráttufundi með fjölbreytta dagskrá. Hægt er að lesa ræður og ályktun fundarins á [heimasíðu Kvennaverkfallsins](#), og á útsendingu frá fundinum á [RÚV](#).

Kvennaverkfallið vakti heimsathygli en fulltrúar BSRB ræddu meðal annars við blaðamenn [Bloomberg](#), [New York Times](#), [The Guardian](#), [BBC](#) og [The Independant](#).

BSRB er stoltur aðstandandi Kvennaverkfalls 2023 og vonar að kraftur 100.000 kvenna og kvára skili sér í fullu jafnrétti kynja í velferðarsamfélagi þar sem kvennastörf, launuð sem ólaunuð, eru metin að verðleikum og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi útrýmt.

Kvennaverkfall 2023

100.000 á Arnarhóli

65. ára afmæli

Starfsmannafélags Kópavogs



RÆÐA FORMANNS

Guðmundssyni og Ómar Zóphaníassyni.

Starfsmannafélag Kópavogs var svo formlega stofnað sunnudaginn 28. desember 1958 eða viku síðar.

Þegar stjórn ákvað að halda upp á afmæli félagsins var áhugavert að skoða hvernig samfélagið var þegar félagið var stofnað:

- Þorskastríðið hófst 1958, landhelgi var færð í 12 mílur.
- Þetta sama ár voru sveitastjórnarkosningar og í Kópavogi voru á kjörskrá 2.543 og til að setja þetta í samhengi þá voru á kjörskrá 2022 tæplega 29.000 manns
- Íslendingar voru rúmlega 166.000 en í dag tæplega 390.000
- Guðrún Lýðsdóttir skrifaði ritgerð við stúdentspróf við Verslunarskóla Ísland, um *Launajafnrétti karla og kvenna*.

Starfsmannafélag Kópavogs en náteng

starfsemi bæjarfélagsins og hefur stækkað í takt við þær breytingar sem hafa átt sér stað í bæjarfélaginu. Þetta er hugsanlega vísbending eða vísir að því sem koma skildi.

Þó að samfélagið hafi verið minna en við þekkjum það í dag er ljóst að það var hugur í landanum.

Félagið er stofna þremur árum eftir að Kópavogur fékk kaupstaðarréttindi sín. Félagið hefur tekið þónokkrum breytingum síðan en það voru 14 framsýnir einstaklingar sem stofnuðu með sér stéttarfélag en í félaginu í dag eru um 1400 manns og meiri hluti þeirra eru konur.

Fyrsti formaður þess nýstofna stéttarfélags var Sigurður Ólafsson og með honum í stjórn var Ágústa Björnsdóttir ritari og Ingibergur Sæmundsson gjaldkeri. Það hlítur að teljast ákveðin seigla og kraftur að stofna ekki bara stéttarfélag á sunnudegi heldur einnig á milli jóla og nýárs.

Kæru félagar í Starfsmannafélagi Kópavogs.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin í afmæli Starfsmannafélagi Kópavogs.

Í dag komum við saman til að fagna þessum merku tímamótum, afmælisbarnið er 65 ár í ár og var stofnað 1958 en það var þann 21. desember, þegar saman komu 14 framsýnir einstaklingar til fundar í Kópavogsskóla til að stofna með sér starfsmannafélag. Á þessu fyrsta fundi í sögu félagsins var kosin undirbúningsstjórn sem var skipuð af Sigurði Ólafssyni, Jóni

Þeir sem standa að baráttumálum launafólks vita að ekkert kemur að sjálfum sér. Hvort sem um er að ræða orlof, fæðingarorlof, launakjör, stytting vinnuvikunnar eða allt hitt sem hér hefur ekki verið talið upp. 1958 var vinnu vika Íslendinga 44 stundir og það breyttist svo 1970 þegar hún styttist í 40 stundir og aftur breyttist það 2020 þegar samið var um styttingu vinnukunnar. Stéttarfélagið breytist með breyttum tíðaranda og það gerðist á níunda áratugnum. En þá fóru Tæknimenn úr félaginu eða rétt eftir 1980 og það gerðu einnig leikskólakennarar, sem gengu til liðs við sitt nýjastofnaða stéttarfélag, félag íslenskra leikskólakennara. Þá fækkaði einnig í félaginu við setningu verkaskiptalaga í lok áratugsins þegar starfsmenn Heilsugæslunnar og Menntaskólans í Kópavogi urðu ríkisstarfsmenn.

Saga okkar er vörðuð sigrum og ósigrum og hún er sú reynsla sem við búum að í dag og hefur í gegn um tíðina verið okkar besti kennari.

Það er hlutverk okkar að standa vörð um hagsmuna okkar félagsmanna og það

hefur með sannri reynt á styrk okkar félagsmanna þegar boðað var til verkfalla í vor, en þá voru 39 ár síðan Starfsmannafélag Kópavogs lagði síðast niður störf eða í verkföllunum 1984.

Samstaða og krafturinn í félagsfólki okkar var eftirtektarverður, þegar hundruðum félagsmanna mættu í samstöðu kaffi og héldu svo af stað í verkfallsvörslu. Þau mætu á samstöðufundi, fóru í blaðaviðtöl, mætu á mótmæli og í sjónvarpsviðtöl. Það er trú mín að það hafa ekki síður verið fyrir þeirra framlag og baráttu að kjarasamningar náðust með tilheyrandi launahækkunum og kjarabótum.

Og svo má ekki gleyma kvennafrídeginum sem að þessu sinni var kvennaverksfall. Krafturinn og samstaðan var ólýsanleg þegar mörg þúsundir kvenna og kvár lögðu niður störf og mættu á samstöðufund á Arnarhól sem vakti heimsathygli. Það var einstakt fyrir okkur öll að sjá, finna og heyra í kraftinum þegar svona sterk samstaða verður. Því

er ekki verra að loka þessu kraftmikla ári og halda upp á 65 ára afmæli félagsins. Ég veit að það er kraftmikil og skemmtileg dagskrá hér fram undan og hlakka ég til að taka þátt í henni með ykkur.

Að lokum langar mig að lyft skál, skála fyrir félagsfólki

Starfsmannafélags Kópavogs. Takk fyrir seiglu ykkar, styrk og samstöðu á þessi ári sem og öllum hinum. Það er mér heiður að fá að starfa með ykkur og ég óska afmælis barninu innileg til hamingju með áfangann og megi það halda áfram á þeirri braut sem það hefur verið á síðust 65 ár.

Til hamingju með afmælið.



FORMENN STARFSMANNAFÉLAGS KÓPAVOGS HEIÐRAÐIR



Marta Ólöf Jónsdóttir, Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, Jón Júlíusson og Jóhannes Ævar Hilmarsson

Á afmælisdeginum voru fyrrum formenn Starfsmannafélags Kópavogs heiðraðir. Það eru þau Jón Júlíusson og Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, en saman lagt hafa þau gengt formennsku fyrir félagið í 26 ár.

Eitt af því sem félagið gerði í tilefni afmælisins var að setja gamlar myndir á starfrænt form, en það var við þá yfirferð sem ákveðin saga var sögð. Saga dugnaðar, elju, baráttu, framsýnar, ómælds vinnuframlags og ósérhlífni.

Á þessum myndum má sjá Jón og Jófríði í gegnum þessi 26 ár sem þau stóðu í forystu fyrir félagið. Kröftuga formenn sem létu til sín taka í kjarabaráttu, á borði BSRB,

fundum trúnaðarmanna, uppbyggingu á skrifstofu félagsins, orlofsmálum og hinum ýmsu samstöðu fundum til að efla félagsfólk og samvinnu þess.

Þetta er forysta sem veit hvað samvinna er mikilvæg og í krafti fjöldans erum við sterk saman.

Starfsmannafélag Kópavogs færir þeim kærar þakkir fyrir ómælt framlag þeirra til félagsins.



MYNDIR ÚR AFMÆLI FÉLAGSINS

